

Fundur 14.3.2022 Ian Collins.

Góða kvöldið sælt veri fólkið.

*Góða kvöldið og velkominn.*

Hef ég talað til ykkar áður og er það ánægjulegt að enn skuli til takast að stilla til sambands hnattanna á milli og erum þess áskynja að mikil er ánægjan að þið haldið fleiri fundi, því hér eru margir sem bíða.

Hef ég komið áður og vona ég að mér takist að koma öllu því erindi til skia sem mér var falið að vera með hér í kvöld og er það ekki alltaf auðvelt að finna réttu stilli áhrifin til að koma því erindi í gegn um stjórnudjúpið sem okkur liggur á hjarta hverju sinni.

Erum við þess áskynja að stilli áhrifin hjá ykkur eru misjöfn og stundum gerist það að erindi þau sem við flytjum verða torveldari en búist var við þannig að framhald þeirra verður ekki eins mikið og vonast var til.

Höfum við einnig orðið þess vör að þau sambönd sem byrja vel geta einnig orðið fyrir árásum helstefnu mannkynja og skaðast þá móttöku skilyrði svo truflun verður en einnig er það þekkt að lífstefnu mannkynin séu að fylgjast með ykkur og hindiri þær tilraunir þannig að það gangi upp sem til var stefnt.

Já ég hef komið áður og vil ég gjarnan halda áfram þar sem frá var horfið að fjall um þau fræðasvið sem mér eru hugleiknust og ég hef fengist við um nokkuð langt skeið, ásamt góðu liði á þessum framlífs hnetti.

Og vonum við að allar þær truflanir og raskanir sem orðið hafa á vinnu okkar fari nú að minnka svo mjög að við getum farið að halda áfram með erindi þau sem við byrjuðum á, á sínum tíma og urðu fyrir truflunum.

Ætla ég í kvöld að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og ætla ég að fjalla um ýmis konar trúarbrögð á framlífs hnöttum í almennu ljósi áður en ég kem síðar og reyni að fjalla um öll þau merkilegu viðfangsefni sem snerta þá atburði sem við höfum strax sagt frá.

Segja má að ég hafi á æfi minni upplifað meiri breytingar og merkilegri atburði en margir af þeim atburðum eru sem ég hef lesið um á mínum lærdómsferli.

Áður en ég tók við starfi þessu, og þykir okkur miður að svo margar frásagnir hafi ekki verið unnt að koma með til ykkar sem áhugaverðar eru en reynum við að bæta úr því síðar og segja nokkuð frá því eins og hægt er.

Ein af spurningum þeim sem við veltum fyrir okkur áður en við fórum að sinna starfi þessu í námi okkar, hvers vegna trúarþörfin hverfur ekki í framlífi þótt augljóst sé af upplifunum þeim sem framliðnir fá á framlífs jörð.

Að sumt er rangt og annað er rétt í trúarritum ýmsum, þannig að ekki ætti að vera þörf á því að flækja málina með hinum gömlu trúarbrögðum sem eiga sér margs konar uppruna, en flest í einhvers konar efnislegum veruleika.

En auðgjóst er að trúarþörf mannsins stendur djúpum rótum í sál hans eins og fræðimenn og heimspekingar hafa fjallað um.

Og er það nú einnig svo að stórhöfðingjar annarra hnatta vilja halda sínum áhrifum og fá menn til að efla sig og styrkja eins og þeir gerðu í frumlífi.

Og er það misjafnt á framlífs jörðunum hvernig gengur að fá fólk til að leggja trúarbrögðin á hilluna og taka upp vísindalegri lífssýn.

En ætíð er einhvað um það að kirkjur og aðrar trúarstofnanir séu starfræktar á framlífs jörðunum en í mismiklum mæli og yfirliett fer þeim fækkandi eftir því sem komið er lengra á lífstefnu brautina.

Finn ég nú að orkan er ekki eins og á verður kosið og ætla ég að reyna að segja nafn mitt áður en lengra er haldið en ekki er ég viss um að erindi mitt verði mikið lengra að sinni en þá býst ég við að þið búist við mér síðar og þá gangi betur að ljúka við þetta erindi og koma með frekari upplýsingar síðar og önnur erindi.

Nafn mitt er Collins, Ian Collins .

*Vertu velkominn, ég man eftir að þú komst einu sinni eða tvisvar með þína fræðslu.*

Já, já, ég, við erum hér nokkur sem þessu sinnum og lentum í ýmsum örðugleikum sem þið kannski kannist við.

*Já ég var einmitt að hugsa um að þið fóruð inn á Síons hnött og áttuð fótum fjör að launa.*

Já, já einmitt, það þarf að fjalla um það sérstaklega síðar og gott að við skyldum komast í gegn og gleðjumst yfir því og við höfum mikinn hug á því að halda áfram þessum erindum og þið megið áreiðanlega búast við því að við reynum að komast í gegn.

En það er, við teljum að Jahve eigi þátt í einhverjum erfiðleikum með samböndin og kannski verður farið, en við vitum það ekki alveg en ef þið hafið spurningar get ég reynt að athuga hvort hægt sé að svara því.

*Hefur Jahve eitthvað að gera með þessa árás sem gerð var á Ukraínu?*

Já það er ekki ólíklegt að það sé hluti af stærri áætlun um að ná völdum á jörðinni og brjóta niður líforku og annað slíkt.

*Þetta hefur nú mjög slæm áhrif á fundina okkar.*

Já, það hefur það og líforku eiginlega allra jarðar búa og þarf að senda mikla orku á svæðið, eins mikla orku til að hjálpa þeim þar sem fara yfir á aðra hnetti og leyfa þeim að átta sig og hjálpa þeim að átta sig á nýjum heimkynnum. Þannig að þetta er erfitt alltaf, slæmt að skyldi gerast.

*Mér finnst einhvern veginn allt benda til þess að almenningur í Rússlandi og Rússneska fólkið hérna sé á móti því sem þessi maður er að gera.*

Ég held að það sé rétt að segja það, það er einnig talsvert stór hluti af fólki sem gerir sér ekki grein fyrir atburðunum. Það er takmarkaður fréttáflutningur.

*Það má eiginlega ekkert segja.*

Já það er vandamál, en það var erindi hjá ykkur síðast sem snertir þetta stríð og við getum reynt að ýta á að einhver geti fjallað um það betur.

Ég held ég þurfi að kveðja að sinni, þakka fyrir góðar móttökur og verið þið sælir, við reynum að koma síðar.

Verið þið sællir.

*Ég þakka þér fyrir og vertu velkominn aftur.*

Já takk fyrir.